



# ÖRUGG NOTKUN SKURÐSTOFUGRÍMA



1 Hreinsaðu hendur áður en þú sækir nýja grímu.



2 Athugaðu hvort gríman er heil/órifin.



3 Láttu lituðu hliðina snúa út.



4 Málmklemma er á efri brún grímu. Leggðu grímu að andliti með málmklemmuna yfir nefið.



5 Kræktu teygjum bak við eyru eða hnýttu böndin, efri bönd fyrir ofan eyru og neðri bönd fyrir neðan eyru.




6 Hagræddu grímu undir höku og yfir nef þannig að hún falli vel að andliti.



7 Mótaðu málmklemmuna að nefi.



8 Forðastu að snerta grímuna á andlitinu. Hreinsaðu hendur ef hún er snert.



9 Gríma er notuð að hámarki í 3-4 klst. en skipt fyrir ef hún er orðin rakamettuð eða menguð. Skipt er um grímu þegar sjúklingi í einangrun hefur verið sinnt. Skurðstofugríma er ekki endurnýtt.

## Gríma fjarlægð



1 Hreinsaðu hendur.



2 Fjarlægðu grímuna með því að taka með hreinum höndum í teygju eða bönd og færa hana frá andliti.



3 Hentu grímunnar strax í ruslafötu (helst með loki) án þess að snerta framhlið hennar og forðastu að láta hana snerta umhverfi.



4 Hreinsaðu hendur.